


Freyja Eilíf

Linnugöt
Rifts in the Veil



HAUST *Lýningar*
FALL *Exhibitions*

13.09.25
23.12.25

LISTASAFN
ÁRNESINGA

Austurmörk

21, 810

Hveragerði,

Iceland

+(354) 4831727

listasafn@listasafnarnesinga.is

www.listasafnarnesinga.is

Freyja Eilíf



Travels in Many Worlds
Jón Proppe

Break on through to the other side
Break on through to the other side
Break on through to the other side, yeah
– Jim Morrison

Since completing her studies at the Icelandic Academy of the Arts, Freyja Eilíf has produced a variety of artworks, including artist's books, sculptures and performances, often relaying urgent political messages. In recent years, she has come to concentrate more on what might loosely be called the "spiritual". Her explorations, however, are both rigorous and exhaustive and she has travelled to North-America to study with Native-American shamans, in addition to studying the shamanic traditions of other nations. This research has gradually come to inform more of artistic practice and the present exhibition is a step on that journey.

It is not easy to tackle such subjects when contemporary society is largely dominated by a narrowly-focused mechanical rationality, originating in the Western societies, that firmly rejects the traditional wisdom of other peoples and sees shamanism and the worship of nature as being only childish superstitions. This view is only a few centuries old, however, and mirrors closely the colonial expansion of the Western powers. It is much easier to subjugate other nations and plunder their resources when you have convinced yourself that they are composed of childish idiots and dangerous devil worshippers. Yet we have clear evidence to show that shamanisms and the worship of nature have been the common practice all over the world for at least 40,000 years and that people got on perfectly well with such practices. Conversely, we can now see ever more clearly what the spread of Western influence with its mechanistic philosophy has been: Whole nations have been driven off their lands and reduced to poverty, if not simply eradicated, and the rape of the natural world has been so merciless that it has become ever more uncertain whether mankind can survive at all.

A long time ago, most peoples developed the idea that the universe in fact consists of three worlds: There is the present world where humans live, the upper world which is the abode of the gods, and the netherworld where the dead reside. These worlds are separate, yet somehow connected along a common axis. The separation is not absolute, furthermore, as openings can be found in the membrane that divide them. This explains how the gods can keep and eye on the human world and even enter it on occasion, as Odin did in the Nordic tradition and as seems to have happened quite frequently in the Greek and Roman worlds.

Of course, people did not believe that these worlds were literally like three disks, pierced by a single pole or nail. That would be childish because the description is obviously a metaphorical one. The division of the worlds is not geographical and not even physical at all: It is a spiritual one. We all sense that there must be something "beyond" our everyday experience, something that often influences our world but that we have a hard time pinning down. Under this world view, everything depends on maintaining a proper balance. It is best, for example, that the dead go directly to their world and stay there, rather than continuing to roam the human world, going bump in the night. If the balance is upset, actions must be taken to restore it, perhaps through some kind of exorcism where roaming spirits are sent back to their proper place. This, in turn, requires knowledgeable persons who can undertake such dangerous tasks. Disease and pestilence can also upset the balance and must be cured, and peace must be maintained among humans. Nature must also be treated with care and respect, again to maintain the proper balance. As a result, all peoples have designated persons to oversee these matters and restore balance when needed, persons who preserve the culture and the ancestral knowledge in order to resolve problems and ensure both the physical and spiritual well being of society. These are the shamans.

The Western colonialists could not accept that shamanic practices are a perfectly legitimate way to seek knowledge and understanding – there is nothing suspect or mysterious about them. To solve a problem, one must first think about it. In the West we might draw a flow chart or program a "mind map" on the computer. The shaman might toss bones or carved figures on the skin of his drum which has been decorated with images and symbols representing the history and world of his people. We can easily see the making of flow charts as a kind of ritual and, conversely, construe the shaman's actions as a scientific investigation; both are a way to think about and understand the problem at hand. Both can perhaps be seen as analogous to when

we rearrange our letters during a game of Scrabble in the hope of finding a word we can use.

The idea of hidden worlds, separated by a porous membrane, is first and foremost a way to organise knowledge and understanding. The shaman knows that there are things we do not see or know about, but that nonetheless play a role in maintain the necessary balance in our world. To gain an understanding of this, the shaman must in some sense abandon him- or herself, to think outside the box that is the everyday world. Sometimes this involves a trance and there are innumerable accounts of a shaman dropping to ground and lying there, even for hours or days, while his mind travels through the hidden worlds in search of answers and solutions. The word "trance", used in most Western languages, derives from the Latin word *transire* which means "to travel across or through". Trance is a method for slipping through the pores in the membrane that separates our world from the others. The problem with the Westerners' way of thinking is that they believe themselves to already possess all the answers. They therefore go about without any thought of maintaining balance and the consequences of their action come as a complete surprise to them, usually when it is too late to turn back.

It is not out of sheer curiosity that Freyja Eilíf has made these questions the focus of her investigations and of the art. She has an urgent message to convey because it is ever more important that we learn to resist the Western misconceptions which, along with the race for endless expansion and more resources to plunder, are bringing us ever closer to a total catastrophe. It is only proper that she conveys her message though art because it is precisely the role of the artist cross boundaries, to take the risk of abandoning our safe certainties and embrace the unknowns – like a shaman in a trance – in an attempt to bring us a new understanding of ourselves and our world.

Funded by Visual Arts Fund

Freyja Eilíf



Á ferð um heimana
Jón Proppe

Break on through to the other side
Break on through to the other side
Break on through to the other side, yeah
– Jim Morrison

Freyja Eilíf hefur komið viðá við síðan hún útskrifaðist úr Listaháskólanum. Hún hefur látið frá sér teiknibækur og skúlptúra af ýmsu tagi, oft með ágengum pólitískum skilaboðum, en síðustu árin hefur hún í æ meira mæli stundað rannsóknir á því sem nú er oft lauslega kallað hið „andlega“ svið. Það er hins vegar ekkert lauslegt við rannsóknir Freyju. Hún hefur farið til Norður-Ameríku til að hitta vísðómsfólk meðal frumbyggja og hefur lagt sig effir að skoða sjamanisma meðal ýmissa þjóða. Smám saman hefur hún veitt þessum rannsóknum inn í listsköpun sína og þessi sýning í Listasafni Árnesinga er skref á þeirri vegferð.

Það er erfitt að brydda upp á silku í nútímanum sem einkennist helst af þröngsýnni rök- og vísindahyggiu sem á uppruna sinn á Vesturlöndum og hafnar alfarið hefðbundinni þekkingu annarra þjóða og stímlar sjamanisma og náttúru trú sem hindurvítin og barnaskap. Þetta viðhorf á sér ekki nema nokkurra alda sögu og það er engin tilviljun að uppgangur þess helst í hendur við útrás evrópsku nýlendubjóðanna. Það er auðveldara að brjóta erlendar þjóðir undir sig og arðræna ef maður hefur sannfært sjálfan sig um að þær samanstandi af bernskum fátíum og hættulegum djöfladýrkendum. Samt höfum við öruggar vísbendingar af heimildum og forminjum um að sjamanismi og náttúru trú hafi tíðkast um allan heim í að minnsta kosti 40.000 ár og fólk þreift samt ágætlega. Áftur á móti er okkur alltaf að verða ljósara hver afriksturinn er af útrás Vesturlandabúa með sína nýju heimssýn og hugmyndafræði um upplýsingu og verðmætasköpun: Það er upplifosnun og örbirgð til handa fólki og taumlaus rányrkja gagnvart náttúrunni og gæðum hennar, sù nú er orðið mjög tvísýnt um að mannkynið lifi af alla þessa upplýsingu og verðmætasköpun.

Meðal langflestra þjóða heims kom upp sú hugmynd í fyrndinni að veröldin skiptist í þrjá heima: Hinn jarðneska heim þar sem mennirnir búa, himnana þar fyrir ofan sem eru heimili guðanna og undirheima þar sem er ríki hinna dauðu. Þessir heimar tengjast um einhvers konar ás; í norrænni goðafræði er þessi ás askur Yggdrasils. Heimarnir eru þó ekki alveg aðskildir, heldur eru gót á milli. Þannig geta guðirnir fylgst með því sem gerist í mannheimum og jafnvel bruguð sér þangað ef þörf er á, eins og Óðinn gerði stundum og fór þá um í dulargervi. Það er líka gegnum slík gót sem hinir dauðu komast niður í dauðaríkið.

Nú er það auðvitað ekki svo að fólk hafi trúað því að veröldin væri eins og þrjár skífur með nagla í gegnum. Það væri barnalegt því þetta er líkingamál. Aðgreining heimanna er ekki landfræðileg – ekki einu sinni stjarnfræðileg – heldur er hún andlegs eðlis. Við skynjum að það hljóti eitthvað að vera „fyrir handan“, eitthvað sem hefur stundum áhrif á veruleika okkar en sem við getum ekki alveg áttað okkur á. Allt veltur á að halda jafnvægi: Það er til dæmis best að hinir dauðu fari rakleitt í dauðaríkið og haldi sig þar en séu ekki að ráfa um mannheima með tilheyrandi draugagangi og veseni. Ef eitthvað fer úrskeiðis þarf að gripa til ráðstafana svo jafnvægi komist aftur á – til dæmis að kveða draugana niður, eins og mörg dæmi eru um í íslenskum þjóðsögum og annálum. Þá þarf að hafa kunnáttumenn í verkið, eins og við á Íslandi höfðum kraflaskáldin sem gátu komið draugum fyrir kattarnef með því einu að kasta fram visu. Sjúkdómar og pestir valda líka jafnvægi og þá þarf að lækna, og það þarf að sjá til þess að friður haldist meðal fólks og kveða niður deilir.

Náttúruna þarf líka að umgangast af nærgætni og huga að því að jafnvægi haldist. Á þessu veltur hamingja okkar, velsæld og heilbrigði. Þannig hefur líka komið upp hjá öllum þjóðum þörf fyrir fólk sem kann ráð við stóru og smáu, sem varðveitir þekkingu kynslóðanna, getur leyst úr vandamálum, gefið góð ráð og hlúð að andlegri sem líkamlegri velferð samfélagsins. Það þarf að vita lengra en nef sitt nær og sjá það sem öðrum er hulið. Þetta eru sjamanarnir. Það sem vestraenu útrásarvíkingarnir gátu ömögulega skilið er að aðferðir sjamananna eru fullgild leið til að afla þekkingar og skilnings – það er ekkert varhugavert eða dularúlf á ferðinni. Til að leysa vandamál þarf að íhuga það. Á Vesturlöndum teiknum við upp flæðirni eða búum til mindmap í tölvunni. Sjamaninn kastar beinum eða útskornum skrárum á trommuna sína sem hefur verið skreytt með táknum sem dýr sögu og umhverfi þjóðflokksins. Það má kannski eins líta á flæðiritið sem ritúal, aðferð til að koma skikki á hugsanir og skilja betur þann vanda sem við er að etja, og þá getum við eins skilið aðferðir sjamansins sem vísindalega leit að lausn vandans. Kannski má líkja hvoru tveggja við það þegar við stökkum upp stafina í skrafl í von um að koma auga á orð sem geta nýst okkur.

Hugmyndin um hulda heima og götöttar himnur sem aðskilja þær snýst fyrst og fremst um þekkingu og skilning. Sjamaninn veit að það er ýmislegt sem við þekkjum og skiljum ekki en sem samt skiptir máli ef viðhalda á jafnvægi í heiminum. Til að hlágast þennan skilning þarf sjamaninn að fara út fyrir sjálfan sig og hugsa út fyrir ramma hins hversdagslega veruleika. Stundum felur þetta í sér að fara í trans og það eru til ótal frásagnir af því hvernig sjaman dettur niður eins og dauður og liggur þar, jafnvel klukkustundum saman, meðan hugurinn ferðast um hina ýmsu heima í leit að svörum. Orðið „trans“, sem notað er á flestum Vesturlandamálum, er dregið af latneska orðinu *transire* sem þýðir að „að fara yfir eða gegnum“. Trans er þannig aðferð til að smjúga gegnum götin á himnunni sem umlykur og takmarkar hugmyndaheim okkar og skilning. Gallinn við vísindalega rökhyggiu Vesturlandabúans er aftur á móti að hann telur sig þegar hafa svörin á hendi og því telur hann sig mega raska jafnvægi hlutanna að vild og afleiðingarnar koma honum því oft gjörsamlega á óvart þegar of seint er orðið til að snúa við.

Það er því ekki af einskærri forvitni að Freyja Eilíf hefur helgað sig þessum rannsóknum og leitast við að miðla þeim til okkar hinna. Erindið er brynt því nú ríður á að sporna við þeim vestraenu ranghugmyndum sem nú eru óðum að draga okkur til dauða. Það er engin tilviljun að leið hennar liggji gegnum listina, því þegar best lætur er það einmitt hlutverk listamannsins að fara út fyrir mörkin, að taka áhættuna af því að hafna því sem sjálfsgætt þykir og gefa sig óvissunni á hönd – eins og sjaman í trans – til að færa okkur hinum nýjan skilning og opna okkur nýja heima.

Styrkt af Myndlistarsjóði.